

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um aðgengi einstaklinga á einhverfurófi
að geðheilsuteymi taugaþroskaraskana.

Frá Halldóru Mogensen.

1. Hver er markhópur geðheilsuteymis taugaþroskaraskana?
2. Hver er skilgreining á taugaþroskaröskun?
3. Hvaða skilyrði þurfa einstaklingar að uppfylla til að komast að hjá geðheilsuteymi taugaþroskaraskana?
4. Hversu margar umsóknir hafa borist geðheilsuteymi taugaþroskaraskana vegna einstaklinga með röskun á einhverfurófi, hversu margar voru samþykktar og hversu mörgum var synjað?
5. Á hvaða forsendum var umsóknum einstaklinga með röskun á einhverfurófi synjað um þjónustu geðheilsuteymis taugaþroskaraskana?
6. Hversu margir bíða eftir að komast að hjá geðheilsuteymi taugaþroskaraskana?
7. Í hvaða þjónustu er þeim sem fá synjun um þjónustu geðheilsuteymis taugaþroskaraskana vísað?
8. Hvernig er aðgengi einstaklinga með röskun á einhverfurófi að öðrum geðheilsuteymum háttað?

Skriflegt svar óskast.